

# Velferðarsjóður barna á Íslandi



## Mat á mentorverkefninu Vináttu skólaárið 2003-2004

Elín Þorgeirsdóttir  
Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir

**Reykjavík 2004**

© 2004 Velferðarsjóður barna á Íslandi

*Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósritun, prentun, hljóðritun eða á sambærilegan hátt í hluta eða heild, án skriflegs leyfis Velferðasjóðs barna á Íslandi.*

## Efnisyfirlit:

<b><u>EFNISYFIRLIT:</u></b>	<b>3</b>
<b><u>YFIRLIT MYNDA:</u></b>	<b>5</b>
<b><u>MENTORVERKEFNIÐ VINÁTTA Á ÍSLANDI</u></b>	<b>6</b>
MARKMIÐ	6
<b><u>FYRIRKOMULAG MENTORVERKEFNISINS VINÁTTU</u></b>	<b>7</b>
MAT Á MENTORVERKEFNINU VINÁTTU SKÓLAÁRIÐ 2003-2004	7
FRAMKVÆMD RANNSÓKNAR	9
ÞÁTTTAKENDUR	9
<b><u>NIÐURSTÖÐUR</u></b>	<b>10</b>
<b><u>TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM VERKEFNIÐ</u></b>	<b>10</b>
KYNJASKIPTING MENTORA Í MENTORVERKEFNINU VINÁTTU	11
KYNJASKIPTING MENTORA EFTIR SKÓLUM	11
GRUNNSKÓLABÖRN SEM TÓKU ÞÁTT Í VERKEFNINU	12
KYNJASKIPTING GRUNNSKÓLABARNA	12
ÁLDUR GRUNNSKÓLABARNA	13
GRUNNSKÓLABÖRN AF ERLENDUM UPPRUNA	13
<b><u>NIÐURSTÖÐUR EIGINDLEGRAR RANNSÓKNAR</u></b>	<b>14</b>
<b><u>BÖRN</u></b>	<b>14</b>
ÁÐ KYNNAST NÝJUM HUGMYNDUM, AÐSTÆÐUM OG ÖÐLAST NÝJA ÞEKkingu OG REYNSLU	15
ÁÐ STYRKJA SJÁLFSMYND OG AUKA FÉLAGSLEGA FÆRNI	16
ÁÐ KYNNAST MÖGULEIKUM TIL NÁMS	17
<b><u>MENTORAR</u></b>	<b>17</b>
ÁÐ ÞROSKA FÉLAGSLEGA FÆRNI OG SAMSKIPTAHÆFNI	18
ÁÐ ÞROSKA SAMKENND	19
ÁÐ BÚA SIG UNDIR ÁÐ KYNNAST MISMUNANDI EINSTAKLINGUM	21
ÁÐ ÖÐLAST ÞEKkingu OG REYNSLU	22
ÁÐ ÞROSKA SKÖPUNARHÆFNI	23

<b>KOSTIR OG GALLAR VERKEFNISINS</b>	<b>23</b>
<b>KOSTIR</b>	<b>24</b>
<b>GALLAR</b>	<b>26</b>
<b>SAMANTEKT OG UMRÆÐUR</b>	<b>27</b>
<b>HEIMILDIR</b>	<b>30</b>

## Yfirlit mynda:

1. MYND	MENTORAR Í MENTORVERKEFNINU VINÁTTU SKÓLAÁRIÐ 2003-2004 SKIPT EFTIR SKÓLUM .....	10
2. MYND	MENTORAR Í MENTORVERKEFNINU VINÁTTU SKÓLAÁRIÐ 2003-2004 SKIPT EFTIR SKÓLA OG KYNI.....	11
3. MYND	GRUNNSKÓLABÖRN Í MENTORVERKEFNINU VINÁTTU SKÓLAÁRIÐ 2003-2004 SKIPT EFTIR SKÓLA OG KYNI .....	12
4. MYND	GRUNNSKÓLABÖRN Í MENTORVERKEFNINU VINÁTTU SKÓLAÁRIÐ 2003-2004 SKIPT EFTIR ALDRI.....	13
5. MYND	GRUNNSKÓLABÖRN Í MENTORVERKEFNINU VINÁTTU SKÓLAÁRIÐ 2001-2002 SKIPT EFTIR UPPRUNA.....	14

## **Mentorverkefnið Vinátta á Íslandi**

Mentorverkefnið Vinátta hófst árið 2001 og hefur Velferðarsjóður barna á Íslandi rekið það frá upphafi. Velferðarsjóður barna var stofnaður árið 2000 af Íslenskri erfðargreiningu og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Markmið sjóðsins er að hlúa að hagsmunamálum og velferð barna á Íslandi.

Stofnandi og verndari mentorverkefnisins Vinátta á Íslandi er Valgerður Ólafsdóttir, sálfræðingur. Mentorverkefnið Vinátta hófst sem þriggja ára tilrauna- og þróunarverkefni í samvinnu við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og tvo grunnskóla í Reykjavík og enn er unnið að áframhaldandi þróun þess.

Frá ári til árs hefur þátttökuskólum fjölgað. Skólaárið 2004-2005 munu þrír háskólar bjóða upp á námskeið til eininga. Einnig verður námskeiðið kennt í tveimur framhaldsskólum og alls verða tíu grunnskólar þátttakendur.

### ***Markmið***

Mentorverkefnið Vinátta er samfélagsverkefni og er eitt meginmarkmið þess að háskóla- og framhaldsskólanemendur vinni að velferð barna og öðlist víðtæka reynslu í samskiptum við börn. Áhersla er lögð á gagnkvæman ávinning og hagsmuni samfélagsins í heild af því að börn og ungmenni kynnist og læri af aðstæðum hvers annars.

Sundurgreind markmið verkefnisins eru að:

#### Börnin eiga að:

- kynnast nýjum hugmyndum, aðstæðum og öðlast nýja þekkingu og reynslu
- styrkja sjálfsmynd og auka félagslegsferni
- kynnast nýjum aðstæðum til skemmtunar
- kynnast möguleikum til náms

#### Mentorar eiga að:

- þroska félagslega færni og samskiptahæfni
- þroska samkennd
- búa sig undir að kynnast mismunandi einstaklingum
- öðlast þekkingu og reynslu
- fá nýjar hugmyndir um hvernig starfa má með börnum
- þroska sköpunarhæfni

## **Fyrirkomulag mentorverkefnisins Vináttu**

Í verkefninu fá grunnskólabörn tækifæri til að kynna góðri fyrirmynd utan fjölskyldu. Tímarammi er fyrirfram ákveðinn, eitt skólaár. Barn getur á þeim tíma lært að byggja upp samband, notið þess og síðan kvatt án þess að það þurfi að hafa neikvæðar afleiðingar í för með sér. Í mentorverkefnum eru sambönd mynduð milli einstaklinga sem ekkert þekkja. Mentorar eru eldri og reyndari en börnin sem þeir taka að sér.

Allir þátttakendur verkefnisins taka þátt af fúsum og frjálsum vilja. Við þörun mentora og barna er meðal annars farið eftir sameiginlegum áhugamálum en reynslan sýnir að þörun ræður miklu um það hvernig sambönd ganga.

Börnin sem tóku þátt í verkefninu voru á aldrinum 7-12 ára en mentorar yfirleitt 19-24 ára, þó með undantekningum. Mentorar og börn hittust í um 7 mánuði á skólaárinu, einu sinni í viku í þrjár klukkustundir í senn.

Mentorar af háskólastigi fengu styrk að upphæð kr. 50.000 en framhaldsskólanemar kr. 15.000 til að standa straum af útlögðum kostnaði. Greiðslur voru í verktakaformi og voru greiddar í tvennu lagi. Velferðarsjóður barna á Íslandi sá um greiðslur til mentora.

Skólaárið 2003-2004 var mentorverkefnið hluti af námskrá þriggja háskóla, Háskóla Íslands (HÍ), Kennaraháskóla Íslands (KHÍ) og Háskóla Akureyrar (HA). Verkefnið var kennt sem heilsársnámskeið og metið til þriggja eininga. Mentorverkefnið Vináttu var reynslukennt í fyrsta sinn á framhaldsskólastigi í Kvennaskólanum í Reykjavík þar sem það var metið til þriggja eininga.

Verkefnisstjóri stýrði verkefninu og faglegri vinnu. Umsjónarmenn unnu undir stjórn verkefnisstjóra og var hver þeirra handleiðari og tengiliður 15-20 mentora.

### ***Mat á mentorverkefninu Vináttu skólaárið 2003-2004***

Rannsóknir og greining ehf. var fengið til að gera frummat á því hvernig til hefði tekist með verkefnið að fyrsta starfsári loknu, skólaárið 2001-2002. Niðurstöður gáfu meðal annars til kynna að börn, mentorar og foreldrar/forráðamenn voru almennt ánægðir með starfið (Guðbjörg Daníelsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2002).

Hér á eftir verða birtar niðurstöður á mati sem framkvæmt var að þriðja starfsári loknu, skólaárinu 2003-2004. Ákveðið var að vinna matið með eigindlegri aðferð sem virðast henta betur en megindleg þar sem erfitt er að mæla marktæk áhrif slíkra verkefna (Fresko og Carmeli, 1990; Goodlad, 1998; Hobfoll, 1980; Reich, 2001; Topping og Hill, 1995). Tekin voru viðtöl við fólk sem tengdist verkefninu til að fræðast á heildstæðan hátt um hvernig verkefnið gengi í raun. Eigindlegar rannsóknaraðferðir eru samheiti yfir hóp aðferða með ákveðin sameiginleg einkenni. Rannsóknaraðferðir eru meðal annars opin viðtöl við einstaklinga og hópa og þátttökuathugun (Kvale, 1996; Taylor og Bogdan, 1998). Einnig er lögð áhersla á að rannsóknir hafi hagnýtt gildi fyrir samfélagið. Í eigindlegum rannsóknum er lýsandi rannsóknargögnum safnað á vettvangi. Með því er átt við að verið er að reyna að gefa sem gleggsta mynd af fólki og upplifun þess (Bogdan og Biklen, 1998).

Við undirbúning á matinu var haft til hliðsjónar mat Rannsóknar og greiningar ehf. þar sem blandað var saman eigindlegum og megindlegum aðferðum (Guðbjörg Daníelsdóttir o.fl., 2002). Í því mati var spurningalisti sem innihélt bæði opnar og lokaðar spurningar lagður fyrir í símakönnun. Við undirbúning viðtala fyrir mat 2003-2004 var stuðst við sambærilegar spurningar en þátttakendum þó leyft að tala um það sem þeir vildu innan rannsóknarrammans. Markmið með viðtölunum var að fá sem gleggsta mynd af reynslu þátttakenda af vinnu við verkefnið í sem víðustum skilningi. Þátttakendur voru alls 17. Nánar verður fjallað um framkvæmd rannsóknar hér á eftir. Í niðurstöðukafla verður fjallað um tölulegar upplýsingar um mentora og börn en í framhaldi af þeirri umfjöllun verða niðurstöður matsins kynntar.

## ***Framkvæmd rannsóknar***

Í rannsókninni voru notaðar eigindlegar rannsóknaraðferðir. Gagnasöfnunin fór stærstum hluta fram með einstaklings- og hópviðtölum við aðila sem tengdust verkefninu á ýmsan hátt. Viðtöl voru tekin við mentora, umsjónarmenn, tengiliði og foreldra barna. Gögn sem safnað var með þeim hætti eru á sjötta hundrað blaðsíður. Gagnasöfnun byggðist jafnframt á skýrslum, fundargerðum, reynslu verkefnisstjóra og umsjónarmanna af starfi, umsóknum og dagbókum mentora. Dagbækur mentora reyndust mikilvæg rannsóknargögn þar sem skráðar voru athafnir mentora og barna auk mats mentora á því hvernig samvera og samskipti gengu.

Alls voru tekin tíu einstaklingsviðtöl og tvö hópviðtöl. Í viðtölunum var gengið út frá fyrirfram ákveðnum spurningum en spurningalisti var ekki staðlaður eins og fram hefur komið. Viðmælendur voru hvattir til að lýsa viðhorfum og eigin upplifun, þeir réðu ferðinni að mestu leyti en þó innan ákveðins ramma.

Skráning gagna fór þannig fram að viðtölin voru afrituð orðrétt af segulbandi. Inn í viðtölin og í lok þeirra voru skráðar hugleiðingar og athugasemdir sem vöknudu við úrvinnslu gagna.

Gagnagreining fór fram samhliða gagnaöflun eins og algengt er í eigindlegum rannsóknum (Taylor og Bogdan, 1998). Skoðað var það sem var sameiginlegt með svörum viðmælenda og hvað var ólíkt.

## ***Þátttakendur***

Allir þátttakendur, börn, aðstandendur þeirra og mentorar skuldbinda sig til að taka þátt í mati á verkefninu við lok skólaárs. Alls tóku sautján einstaklingar þátt í rannsókninni, fjórir karlar og þrettán konur. Í einstaklingsviðtölum var talað við tíu aðila, sjö konur og þrjá karla. Í hópviðtölunum var talað alls við átta einstaklinga, sjö konur og einn karl. Einn viðmælendinn var bæði þátttakandi í einstaklings- og hópviðtali. Viðmælendur í einstaklingsviðtölum voru tveir umsjónarmenn mentora. Þeir tengdust verkefninu líka sem tengiliðir við skóla, annar við grunnskóla og hinn við framhaldsskóla. Tekin voru viðtöl við sex mentora. Tekið var viðtal við tengilið verkefnisins við grunnskóla og foreldra barns. Þátttakendur voru á aldrinum 19-46 ára.

## Niðurstöður


Hér á eftir verður greint frá niðurstöðum matsins. Fyrst eru tölulegar upplýsingar um verkefnið lagðar fram en á eftir koma niðurstöður eigindlega rannsóknarhlutans.

## Tölulegar upplýsingar um verkefnið

Mentorar sem tóku þátt í verkefninu skólaárið 2003-2004 voru alls 99. Nemendur úr Háskóla Íslands voru 61, 12 komu úr Kennaraháskóla Íslands, 16 úr Háskólanum á Akureyri og 10 úr Kvennaskólanum í Reykjavík. Alls bárust 135 umsóknir háskólanema um starf mentors, flestar frá nemendum HÍ. Tíu nemendum við Kvennaskólann í Reykjavík var boðið að gerast mentorar.

Samkvæmt erlendum rannsóknum er brottfall úr mentorverkefnum fremur lítið eða á bilinu 5-6% (Reich, 2001). Skólaárið 2003-2004 var brottfall í mentorverkefninu Vináttu svipað. Sex mentorpör (6%) hættu á árinu og 93 mentorpör luku verkefninu. Þar sem verkefnið er ekki metið inn í allar deildir háskólanna skiluðu ekki allir lokaverkefni. Alls stóðust 75 mentorar námsmat og fengu þrjár einingar fyrir.

Á mynd 1 má sjá fjölda mentora sem luku mentorverkefninu Vináttu skólaárið 2003-2004 skipt eftir skólum.



**1. Mynd** Mentorar í mentorverkefninu Vináttu skólaárið 2003-2004 skipt eftir skólum

Mynd 1 sýnir að flestir nemendur mentorverkefnisins voru við Háskóla Íslands eða 61% en þar geta nemendur úr öllum deildum sótt um að gerast mentorar þótt ekki


meti allar deildir verkefnið til eininga. Sextán mentorar voru nemendur við Háskólann á Akureyri en þar var kennaranemum boðin þátttaka. Af 10 Kvennaskólanemum luku 9 áfanganum. Mentorar úr KHÍ voru ellefu talsins en þar stendur námskeiðið öllum nemendum skólans til boða.

### **Kynjaskipting mentora í mentorverkefninu Vináttu**

Skólaárið 2003-2004 luku 23 karlar og 70 konur verkefninu. Samkvæmt erlendum rannsóknum á samfélagsverkefnum af svipuðum toga kemur í ljós að meirihluti nemenda sem taka þátt í slíkum verkefnum eru stúlkur (Reich, 2001). Er það einnig raunin hér á landi en skólaárið 2002-2003 voru ungar konur í meirihluta þeirra sem tóku þátt í verkefninu (Elín Þorgeirsdóttir, Valgerður Ólafsdóttir, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, Þórunn Steindórsdóttir og Líf Magneudóttir, 2003).

### **Kynjaskipting mentora eftir skólum**

Á mynd 3 má sjá fjölda mentora í mentorverkefninu skólaárið 2003-2004 skipt eftir þátttökuskólum og kyni.



#### **2. Mynd Mentorar í mentorverkefninu Vináttu skólaárið 2003-2004 skipt eftir skóla og kyni**

Hér má sjá að kvenmentorar voru í meirihluta í verkefninu eða 75% en karlmentorar 25%. Hlutföllin eru svipuð þegar litið er á hvern skóla fyrir sig. Til samanburðar má nefna að í mentorverkefninu Næturgalanum í Svíþjóð var kynjaskipting mentora 81% konur og 19% karlar á fyrstu þremur árum verkefnisins (Reich, 2001). Aukning hefur orðið á karlmentorum í verkefninu frá því það byrjaði hér á landi. Fyrsta starfsár

mentorverkefnisins Vináttu voru karlar 14% og konur 86%, árið 2002-2004 voru karlar 21% en konur 79%.


### ***Grunnskólabörn sem tóku þátt í verkefninu***

Alls tóku 99 grunnskólabörn þátt í mentorverkefninu skólaárið 2003-2004. Þátttaka stóð nemendum úr sex grunnskólum til boða. Skólarnir voru Austurbæjar-, Fella-, Háteigs-, Langholts-, Lundar- og Setbergsskóli. Hver skóli fékk til sín 15-20 mentora.

Foreldrar sækja um þátttöku fyrir börn sín. Kennarar barna og aðrir starfsmenn skóla sjá um að meta hvaða börn falla best að verkefninu ásamt umsjónarmönnum og verkefnisstjóra verkefnisins. Hafa ber í huga að verkefnið hæfir ekki undantekningalaust öllum börnum. Sem dæmi um undantekningar má nefna börn með alvarleg félagsleg vandamál eða börn úr fjölskyldum með alvarleg félagsleg vandamál.

### ***Kynjaskipting grunnskólabarna***

Kynjaskipting grunnskólabarna í mentorverkefninu Vináttu skólaárið 2003-2004 var þannig að stúlkur voru í meirihluta. Mynd 10 sýnir fjölda grunnskólabarna í mentorverkefninu Vináttu skólaárið 2003-2004 skipt eftir skóla og kyni.




**3. Mynd Grunnskólabörn í mentorverkefninu Vináttu skólaárið 2003-2004 skipt eftir skóla og kyni**

Hlutfall stúlkna í verkefninu var 58% en drengir voru 42%. Þetta kynjahlutall er svipað skólaárinu 2002-2003 en þá voru 56% grunnskólabarna sem tóku þátt í verkefninu stúlkur.

## ***Aldur grunnskólabarna***

Grunnskólabörnin sem þátt tóku í verkefninu voru á aldrinum 6 til 11 ára. Mynd 11 sýnir fjölda grunnskólabarna í mentorverkefninu Vináttu skólaárið 2003-2004 skipt eftir aldri.




### **4. Mynd Grunnskólabörn í mentorverkefninu Vináttu skólaárið 2003-2004 skipt eftir aldri**

Á mynd 11 má sjá að flest barnanna sem tóku þátt í mentorverkefninu skólaárið 2003-2004 voru 9-11 ára eða 56 (60%).

## ***Grunnskólabörn af erlendum uppruna***

Eitt af markmiðum mentorverkefnisins Vináttu er að bjóða börn af erlendum uppruna velkomin í íslenskt samfélag. Stór hluti barna í mentorverkefninu Vináttu er af erlendum uppruna. Gagnkvæmur ávinningur er talinn af því að mentorar kynnist upprunameningu barnanna og börnin íslenskri menningu, bæði þeim og samfélaginu til góðs.



### 5. Mynd Grunnskólabörn í mentorverkefninu Vináttu skólaárið 2001-2002 skipt eftir uppruna

Mynd 12 sýnir að 28% grunnskólabarna sem tóku þátt í verkefninu voru af erlendu bergi brotin. Það er töluverð fækkun frá fyrri árum. Skýringar á því geta meðal annars falist í að grunnskólum sem taka þátt í verkefninu hefur fjölgað og er mismunandi hátt hlutfall barna af erlendum uppruna í þeim.

## Niðurstöður eigindlegrar rannsóknar

Hér á eftir verða reyfaðar niðurstöður eigindlegrar rannsóknar á því hvaða áhrif þátttaka í mentorverkefninu hér á landi hafi á þátttakendur þess. Niðurstöður byggja á viðtölum við fullorðna einstaklinga, mentora og starfsfólk verkefnisins, fundargerðum og dagbókarskýrslum. Til að meta þann árangur verða höfð til hliðsjónar sundurgreind markmið verkefnisins.

Fyrst verður reynt að varpa ljósi á hvort markmiðin sem snúa að börnum hafi náðst en síðan verða markmið fyrir mentora metin. Mat á markmiðum verkefnisins getur nýst verkefnisstjórn til frekari framþróunar verkefnisins og sýnt fram á gildi þess fyrir þátttakendur. Einnig verður fjallað um kosti og galla verkefnisins að mati þátttakenda.

## Börn

Mentorverkefnið Vináttu stóð til boða grunnskólabörnum á aldrinum 7-12 ára í ákveðnum skólum og árgöngum. Barnahópurinn var breiður og náði til barna úr mismunandi félagslegum aðstæðum. Sum voru börn einstæðra foreldra, önnur komu úr stórum fjölskyldum, enn önnur áttu erfitt uppdráttar í skóla og í erfiðleikum með að

tengjast öðrum. Markmið verkefnisins eru ekki að reyna að breyta barni á nokkurn hátt en tengslin sem myndast milli mentors og barns eru talin geta ýtt undir nýja þekkingu, ný viðhorf og jákvæðan hug. Erfitt var að benda á eina rétta leið við að nálgast börnin þar sem þarfir þeirra voru misjafnar.

### ***Að kynnst nýjum hugmyndum, aðstæðum og öðlast nýja þekkingu og reynslu***

Markmið verkefnisins eru meðal annars að grunnskólabörn öðlist nýja þekkingu, reynslu og kynnst nýjum hugmyndum. Óhætt er að fullyrða að þau markmið hafi náðst skólaárið 2003-2004. Þegar dagbækur og viðtöl við mentora, kennara og aðstandendur voru skoðaðar kom í ljós að næstum öll börnin öðluðust nýja þekkingu í samskiptum við mentora. Mörg barnanna fóru á nýja staði þar sem þau sáu framandi hluti. Mentorarnir skráðu færslur eins og „...hann hafði aldrei séð neitt þessu líkt” og „...hún fór í fyrsta skipti í box með mér” í dagbækur þegar þeir greindu frá því sem þörin gerðu saman. Í viðtölum og dagbókum kom fram að börn og mentorar gerðu hluti saman sem hvorugur aðili hafði gert áður og töldu mentorarnir báða hafa lært af því.

Mentorarnir greindu frá ferðum og atburðum þar sem börnin tókust á við ókunnar aðstæður. Til marks um að börnin hefðu öðlast aukna þekkingu tóku mentorarnir dæmi um að börnin hefðu rifjað atburðina upp síðar og rætt um reynslu sína. Einn mentoranna sagði til dæmis um mentorbarnið: „Hann tekur öllu sem ég segi og þælir í því og er búinn að þæla í því næst þegar við hittumst”. Einnig kom fram að börnin höfðu kynnst nánasta umhverfi sínu með mentorunum. Þannig sá grunnskólanemandi úr Fellaskóla Elliðaárdalinn í fyrsta skipti og nemandi úr Austurbæjarskóla fór í Sundhöll Reykjavíkur í fyrsta sinn. Þetta átti bæði við um íslenska grunnskólanemendur og börn af erlendum uppruna.

Mentorarnir sem voru með börn af erlendum uppruna sögðu frá því að íslenskukunnátta barnanna hefði tekið framförum á skólaárinu. Þeir töldu samvistirnar við sig ekki einungis hafa leitt til aukinnar íslenskukunnáttu heldur fengju börnin tækfæri til að æfa íslenskuna og komast í tengsl við íslenskt samfélag á annan máta en þau voru vön. Nokkrir bentu jafnframt á að í samvistum hefðu erlendu börnin lært aðstæðubundinn orðaforða. Tveir mentorar tóku dæmi úr ferð í Fjölskyldu- og Húsdýragarðinn, þar hefðu börnin lært nöfn á dýrum og því sem þeim tengdist.

Einnig kom fram að mentorum þótti mikilvægt fyrir börnin að kynnst mismunandi einstaklingum, og fólki sem komið er í framhaldsnám. Einn mentor sagði til dæmis „Þarna sjá þau kannski hvernig heimurinn er, fyrir utan skólann, fyrir utan heimilið. Hvernig einstaklingarnir eru sko. Ég held að það sé svolítið mikilvægt”. Mentorar lögðu sig allflestir fram við að hafa samverustundirnar sem fjölbreyttastar og skemmtilegastar. Einn þeirra lýsti því svo:

Við nánast gerðum allt. Ég reyndi að vera sem mest úti, ég er nú ekki mikið fyrir tölvuleiki og þannig – þannig að við vorum bara úti í fótbolta og úti að leika okkur með vinum hans og við fórum í sund og Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og við fórum út að hjóla og ég hjólaði með honum í Laugardalinn og sýndi honum Laugardalinn. Fórum í keilu og á skauta og niður á bryggju að skoða skipin og fórum á listasafn og bara að labba í bænum – og bara nánast allt.

Með því að fara á nýja staði og vera í ókunnnum aðstæðum er óhætt að segja að börnin hafi öðlast nýja þekkingu, hugmyndir og reynslu.

### ***Að styrkja sjálfmynd og auka félagslega færni***

Erfitt er að mæla bættu eða styrkari sjálfmynd svo óyggjandi sé. Þrátt fyrir það má skoða aukið sjálfstraust sem einn þátt styrkari sjálfmyndar. Í dagbókarfærslum og viðtölum við mentora var töluvert rætt um að með tímanum hafi grunnskólabörnin öðlast aukið sjálfstraust. Átti þetta bæði við í samskiptum við mentora og ókunnuga. Í einni dagbókinni kemur til dæmis fram að barn hitti vinkonur mentors snemma á skólaárinu og var þá mjög feimin. Stuttu eftir áramót hitti sama barn aðra ókunnuga í fylgd mentors og taldi mentorinn sig sjá mikinn mun á sjálfstrausti barnsins. Aðrir mentorar bentu á að börnin væru orðin opnari og farin að tjá sig meira við ókunnuga og töldu þeir það koma í beinum tengslum við þátttöku í verkefnum. Einn mentoranna sagði mentorbarnið vera „orðinn duglegri við að segja hvað hann vill” til marks um aukið sjálfstæði hans. Mentorarnir sögðu börnin hafa verið feimin og óframfærin í upphafi og álitu það gott fyrir börn að þurfa að læra að umgangast sér eldri til að vinna bug á feimni og óöryggi. Einnig sögðust mentorar sjá aukna félagsfærni barna í samskiptum við önnur börn, til dæmis á skipulögðum samverustundum allra mentora og barna eða í tengslum við skólastarf. Foreldrar og kennarar nefndu líka dæmi um aukið sjálfstraust barnanna í samskiptum við aðra, til að mynda að þau ættu betra með að segja hug sinn í samskiptum við önnur börn.

Ef dagbækur mentora voru skoðaðar mátti í mörgum tilfellum greina ákveðið ferli þar sem börnin öðluðust aukið sjálfstraust og öryggi í samskiptum sínum við mentorana.

Þau voru óörugg í fyrstu skiptin sem þau hittu mentorana en eftir um það bil tvö til þrjú skipti mátti sjá aukið öryggi. Það kom meðal annars fram í því að þau létu mentorana vita um langanir sínar og væntingar, sóttust eftir líkamlegri nánd við þá og sögðu þeim leyndarmál. Einn mentoranna lýsti því að mentorbarnið hans hefði í upphafi „talað í gegnum” móður sína en síðar hafi hann verið farinn að „tjá sig mun meira, meira að segja við ókunnuga”. Þessi mentor var þess fullviss að aukið sjálfstraust barnsins væri tilkomið vegna samvista við hann. Þótt með þessu sé ekki mögulegt að fullyrða um styrkari sjálfsmynd í öðrum aðstæðum en með mentor má leiða líkum að því að börnin eigi auðveldara með samskipti við aðra.

### ***Að kynnst möguleikum til náms***

Mentorar eru framhalds- og háskólanemar úr mörgum ólíkum deildum og með samvistum við þá fengu grunnskólabörnin tækifæri til að kynnst lífi námsmanna eftir grunnskóla. Margir mentorar fóru með börnin í skólann sinn og sýndu þeim námsumhverfið. Þannig kynntust börnin möguleikum til náms í framtíðinni. Einn mentoranna sagði frá því í dagbók að hann hefði farið með barnið niður í Háskóla, sýnt honum náttúrufræðahúsið og leyft honum að prófa að gera tilraunir í tilraunastofunni. Nokkrir mentorar aðstoðuðu börnin við heimanám og kynntu þeim þannig nýjar kennsluáðferðir og leiðir til náms. Foreldrar og mentorar ræddu einnig um að þeir hefðu orðið varir við jákvæðara viðhorf barna til skólakerfisins með þátttöku í mentorverkefninu. Einn mentor ræddi um hvernig viðhorf sín til stærðfræði hefðu haft áhrif á mentorbarnið til aukins áhuga. Hann sagði:

...hann náttúrulega leit svolítið upp til mín og þegar ég sagði að mér myndist stærðfræði rosalega áhugaverð og eitthvað svona þá fór hann kannski að spá í því á öðrum forsendum. En ég meina, bara náttúrulega það að einhver fullorðinn bendi honum á hvar hægt sé að nota einhverjar ákveðnar námsgreinar þegar komið er út í lífið, það held ég að geri honum gott.

Má því segja að því markmiði að börnin kynnist möguleikum til náms hafi náðst á tímabilinu.

### **Mentorar**

Mentorar sem tóku þátt í verkefninu höfðu margir ákveðnar væntingar til verknisins í upphafi. Sumir áttu von á að verkefnið væri aðallega fyrir börn sem ættu í erfiðleikum af einhverju tagi og það kom þeim á óvart hve mörg barnanna voru „venjuleg”. Einn mentor sagði: „Ég hélt að þetta væri sama og liðveisla þar sem

maður er með börnum sem eiga erfitt”. Aðrir mentorar sögðust ekki hafa verið með neinar væntingar til verkefnisins heldur séð auglýsingu og sótt strax um og varla tekið eftir því í hverju verkefnið fólst. Einn mentor sagði „ég fékk auglýsingu á netinu og sótti um en svo hafði ég svo mikið að gera að ég þældi ekki í þessu fyrr en hringt var í mig og ég boðaður í viðtal. Ég sé sko ekki eftir því, þetta var rosalega gaman og lærdómsríkt”. Annar sagði: „Ég tók þátt í verkefninu því ég var sjálfur svo feiminn þegar ég var barn en er búinn að vinna mig út úr því og ég taldi mig geta verið barni sem væri svipað mér góð fyrirmynd, ég hefði sjálfur haft gott af mentor þegar ég var lítill”. Enn aðrir sögðu að ekki hefði spillt fyrir að fá einingar fyrir vinnu sína.

### ***Að þroska félagslega færni og samskiptahæfni***

Margir mentorar sögðust hafa lært mikið í samskiptum með því að taka þátt í verkefninu. Þeir töluðu um að hafa aukið samskiptahæfni sína í samskiptum við börn almennt, eða „lært að umgangast börn” eins og einn mentoranna orðaði það. Annar mentor sagði um aukna félagsfærni sína: „...maður lærir mikið í því [mentorverkefninu] varðandi samskipti og að byggja upp vinasambönd og kynnast nýju fólki”. Þessi mentor átti í samskiptaerfiðleikum við barn og móður þess í upphafi en tókst að leysa þann vanda með samræðum við fjölskylduna.

Mentorar þurftu að vera í stöðugum samskiptum við foreldra barnanna. Hjá sumum gengu samskiptin vel en í öðrum tilvikum komu upp erfiðleikar. Erfiðleikarnir voru af ólíkum toga. Sumir foreldrar vildu alfarið stýra samskiptum mentora við börnin, bæði hvað þau áttu að gera, hvenær og hvernig. Þar reyndi á samskiptafærni mentora að halda góðu sambandi við foreldra en halda jafnframt sínum áherslum. Mentorar beittu gjarnan þeirri aðferð að ræða við foreldra og gera þeim sína afstöðu ljósa en á sama tíma komu þeir til móts við óskir foreldra að einhverju leyti. Í dagbókarfærslum mátti sjá að sumir mentorar voru í upphafi örugggir gagnvart börnunum og fjölskyldum þeirra en með tímanum urðu þeir öruggari. Margir sögðu frá því að eftir nokkurn tíma hafi þeir „þorað” að segja foreldrum hvernig þeir vildu haga samvistunum við barnið í stað þess að lúta alfarið vilja þeirra. Í hópviðtölum kom skýrt fram að margir mentorar töldu sig hafa lært að setja öðrum mörk, bæði börnum sem reyndu sum hver að stjórna þeim og foreldrum þeirra.

Mentorar sem voru með börn af erlendum uppruna áttu sumir í samskiptaerfiðleikum við foreldra og börn vegna menningarmunar og tungumálaörðugleika. Í slíkum

aðstæðum reyndi á færni þeirra í samskiptum. Einn mentor gerði til dæmis lítið annað en að kenna barninu íslensku til að byrja með að kröfu fjölskyldunnar. Eftir nokkur skipti gat hann ekki lengur sætt sig við þetta hlutverk og fékk ekki að vera einn með barninu. Hann ákvað að reyna að leysa vandann og fékk til þess aðstoð hjá umsjónarmanni. Í ljós kom að foreldrarir höfðu misskilið verkefnið og héldu að hlutverk mentors væri íslenskukennsla.

Ennfremur reyndi á samskiptahæfni mentora í þeim tilvikum þar sem foreldrar höfðu lítinn áhuga á verkefninu og studdu börn sín ekki til þátttöku. Mentorar sem lentu í þeirri aðstöðu báru algerlega ábyrgð á samskiptum við barnið og sögðu þeir sambandið erfiðara fyrir vikið

Hér að framan hefur komið ótvírætt í ljós að mentorar þroskuðu félagslega færni við að leggja sig fram við að leysa ákveðin vandamál sem upp komu. Þar reyndi á samskiptahæfni þeirra. Flestir töldu sig hafa tekið framförum í samskiptum við börnin og foreldra þeirra og töldu sig hafa lært af reynslunni. Einnig má segja að þegar ólíkir einstaklingar eru paraðir saman læri þeir að þroska félagsfærni sína.

### ***Að þroska samkennd***

Í mentorverkefninu Vináttu eru ókunnugir einstaklingar paraðir saman og aldursbil þeirra mikið. Þá vaknar sú spurning hvort hægt sé að mynda vinasamband og tilfinningatengsl þeirra á milli. Forsenda þess að gott samband nái að myndast og þróast er að þátttakendur skapi ákveðna samkennd sín á milli.

Allir mentorar, foreldrar, verkefnisstjórn og skólafólk voru sammála um að hægt væri að búa til sambönd en þó með því skilyrði að mentor og barn væru vel þöruð saman. Þótt mentor og barn nái ekki tilfinningalegri nánd geta þau náð ákveðinni samkennd og báðir aðilar verið ánægðir með sambandið. Einn mentor sagði til dæmis að hann og barnið hefðu ekki orðið trúnaðarvinir en alltaf skemmt sér vel saman. Þessir einstaklingar héldu áfram að hittast eftir að verkefninu lauk. Af því má leiða líkum að því að tilfinningaleg nánd er ekki endilega besti mælikvarði á gæði sambands.

Í viðtölunum var rætt við mentora um tilfinningar þeirra í garð barnanna. Í ljós kom að flestum mentorum þótti vænt um börnin og töluðu gjarnan um þau sem börnin „sín“. Mentorarnir lögðu sig allir fram við að reyna að vinna traust og byggja upp tengsl við börnin. Jafnvel þeir mentorar sem ekki náðu góðu sambandi við börnin töluðu af hlýju um þau, tíndu til kosti þeirra og hið jákvæða í fari þeirra. Misjafnt var

hve nán tengslin urðu. Sumir mentorar töldu sig verða hluta af fjölskyldu barnsins en aðrir urðu kunningjar sem tóku þátt í lífi barnanna í ákveðinn tíma. Annar mentor sem tengdist barninu lítið, talaði um að þau hafi aldei náð að tengjast og verða vinir. Þrátt fyrir að hún teldi þau afar ólík og barnið sárlega skorta siðferðiskennd talaði hún vel um það. Hún dró fram hið góða í barninu og kosti þess. Þegar einhver annar ætlaði að gagnrýna barnið verndaði hún það og tók málstað þess. Mentorinn lýsti því þannig:

...þið megið ekki halda að hann sé eitthvað slæmur strákur...hann er rosalega skemmtilegur og gaman að tala við hann, hann hefur alltaf eitthvað að segja. En hann er rosalega ólíkur mér með þetta, siðferðiskenndin hefur eitthvað farist fyrir að koma henni inn.

Mentorar sem voru í samböndum er gengu illa kenndu sér um tengslaleysið og margir höfðu samviskubit yfir því að líka ekki alls kostar við börnin. Á hópfundum komu vandamál þeirra fram og gátu þeir rætt þau við umsjónarmann og aðra mentora sem tóku þátt í að leysa vandann. Mentorar reyndu að finna ástæður fyrir tengslaleysinu og bentu á að sum börn væru of upptekin í öðru tólmstundastarfi eða vildu frekar leika sér með vinum eftir skóla. Einn mentor taldi barnið þjást af félagsfærni og færnina ástæðuna fyrir litlum tengslum. Hún tók þetta nærri sér eða „... rosalega inn á mig“, eins og hún sagði. Margir mentorar töluðu um að stuðningur frá fjölskyldu væri ekki nægur. Þau börn sem náðu ekki góðum tengslum við mentor fengu mörg hver ekki næga hvatningu heima fyrir. Enn aðrir mentorar töldu sig ekki hafa átt neitt sameiginlegt með börnunum og því ekki náð að mynda tengsl.

Þrátt fyrir þetta gengu flest samböndin vel og mentor og barn tengdust tilfinningaböndum. Einn mentor sagði það erfitt og langt mál að útskýra fyrir öðrum hver litla stúlkan sem var með henni væri þannig að hún sagði alltaf „þetta er vinkona mín“. Annar mentor sagði að barnið væri svo innilegt að það hefði bara góð áhrif á sig. Hún talaði um barnið af mikilli væntumþykju og sagði samband þeirra hafa myndast á fyrsta degi sem hefði svo gengið eins og í sögu allan tímann. „Við erum alltaf bara einhvern veginn dansandi á bleiku skýi“ sagði hún og sagðist vera „...alveg heppnust í heimi með sambandið“. Í þeim tilvikum þar sem samböndin gengu vel gátu einnig komið upp vandamál. Sumir mentorar höfðu áhyggjur af því að mentorbörnin yrðu of háð þeim og töldu það ókost því að verkefni loknu væri ekki hægt að hafa samskipti eins regluleg.

Í ljós kom að flestir mentorar tengdust börnunum tilfinningaböndum. Jafnvel þeir sem ekki töldu sig vera í góðu sambandi við börnin. Allir vildu að samböndin gengju vel en eins og sjá má hér að framan gekk það ekki alltaf eftir. Allflestir mentorar töluðu um mentorbarnið sem vin sinn, en það er ein leið til að meta gæði og tengsl sambands. Af gögnunum má ráða að jafnvel þótt lítil tilfinningatengsl hafi myndast jók þátttaka í verkefninu samkennd þeirra. Mentorur var ekki sama um börnin og þeir reyndu að setja sig í spor þeirra og finna ástæður fyrir tengslaleysinu.

### ***Að búa sig undir að kynnast mismunandi einstaklingum***

Með því að taka þátt í verkefninu fengu mentorar tækifæri til að kynnast nýju fólki, börnunum, foreldrum þeirra, umsjónarmönnum sínum og öðrum mentorur. Með samstarfi við svo fjölbreyttan hóp kynntust mentorar ólíkum einstaklingum sem vafalaust býr þá undir samskipti við aðra í framtíðinni. Eitt af markmiðum Aðalnámskrár framhaldsskóla (1999) er einmitt að auka þekkingu nemenda á þjóðfélaginu og félagslegu umhverfi, jafnframt því að auka skilning þeirra á stöðu sinni og annarra í þjóðfélaginu. Það markmið náðist hjá stærstum hluta mentora.

Margir mentorar sögðu það lærdómsríkt að kynnast mismunandi félagslegum bakgrunni barnanna, eða eins og einn sagði:

Maður sér það kannski öðruvísi í dag, að það hafa það ekkert allir alveg jafngott. Og kannski þegar maður var krakki sjálfur þá kynntist maður kannski ekki erfiðum heimilisaðstæðum eða einhverju svoleiðis sjálfur.

Í hans tilfalli voru lítil fjárráð á heimili barnsins og sagðist hann hafa reynt eftir fremsta megni að haga samverustundum þannig að þær kostuðu lítið.

Mentorar sem voru með börn af erlendum uppruna lýstu því hve lærdómsríkt það hafi verið að koma inn á heimili þeirra. Einn mentor sagði: „Þetta er eins og íslenskt heimili í húsgagnavali en allt sjónvarpsefni og vídeó er á þeirra móðurmáli, ferlega skrýtið“. Sumir mentorar voru boðnir í veislur sem haldnar voru að þjóðarsíð fjölskyldnanna. Þar öðluðust þeir nýja reynslu og þekkingu á þeim menningarlega fjölbreytileika sem er í íslensku samfélagi. Mentorar sem fengu að njóta þessa töldu það dýrmæta reynslu og mikla upplifun bæði fyrir augað og bragðlauka. Með því að kynna menningu barnanna fyrir mentorur var komið til móts við þá gagnkvæmni sem mikilvægt er að eigi sér stað í verkefni af þessu tagi. Það leiðir til meiri skilnings á fjölbreytileika manna.

Fullyrða má að mentorar hafi kynnst ólíkum einstaklingum með því að starfa með svo fjölbreyttum hópi. Þau kynni búa þá vafalítið undir samskipti við aðra í framtíðinni og þar með náðist enn eitt af markmiðum námskeiðsins.

### **Að öðlast þekkingu og reynslu**

Aðspurðir gátu fæstir mentorar bent á eitthvað ákveðið sem þeir höfðu lært af þátttökunni. Með því að skoða gögnin, dagbækur, viðtöl og fundargerðir hópfunda kom í ljós að flestir þátttakenda höfðu öðlast nýja reynslu og þekkingu með þátttöku í verkefninu. Flestir voru þeirrar skoðunar að þeir hefðu lært ýmislegt um heim barna og lífssýn þeirra. Sumir sögðust hafa lært hvernig það er að vera barn í dag, um hagi barna og mismunandi félagslegar aðstæður. Einn mentor sagði til dæmis:

Það var náttúrulega forvitnilegt að geta fengið að kynnst 10 ára barni svona vel, fá aðeins að skyggjast inn í hugarheim þess. Að fá að kynnst einhverjum svona rosalega vel og fá að vita hvað þattar á þessum aldri eru að hugsa. Ég held að það eigi örugglega eftir að nýtast manni.

Eitt af hlutverkum mentors er að gefa sjálfum sér tíma með barni og leyfa sér að læra af samskiptum við barn. Þegar mentorar tjáðu sig um mentorhlutverkið kom meðal annars fram að þau öðluðust nýja þekkingu og reynslu. Einn mentor orðaði það þannig: „Bara æðisleg lífsreynsla! Bara að kynnst þessum krökkum og kynnst hvernig er að vera barn aftur, held ég”. Þátttaka í mentorverkefninu snýst einnig um að mentorar læri að skoða sjálfan sig í nýjum aðstæðum og vera öðrum fyrirmynd. Það sem meðal annars kom fram var að mentorar lærðu að taka tillit til annarra og setja sig í spor barnanna. Einn mentorinn sagðist sérstaklega hafa lært að ákveðin ábyrgð fylgdi því að vera fyrirmynd. Hún gerði sér grein fyrir að allt sem hún gerði eða sagði gæti barnið tileinkað sér. Hún sagði:

Þetta var svolítið að samræma, þú veist, tíma hennar og bara – og læra að vera fyrirmynd. Það er náttúrulega rosalega mikilvægt fyrir alla að læra að vera fyrirmynd og gera ekki bara – Já, ... þegar ég er að keyra ein í bíl þá blóta ég rosalega mikið öðru fólki og þurfti að sitja svolítið á mér og passa mig kannski að vera ekki alltaf að blóta og tala illa um aðra því veggirnir hafa eyru, sko. Já, ég held að ég hafi aðallega lært það. Að hugsa um tíma annarra og passa að það passi saman og taka tillit.

Einnig töluðu mentorar um að hafa lært að sjá sig og aðra í nýju ljósi eins og einn mentor sem var nemi í framhaldsskóla sagði um samnemendur sína í mentorverkefninu<sup>1</sup>.

Já, og sjá hvernig - ... þarna sá maður kannski svolítið öðruvísi hlið, hvernig þau væru kannski sem foreldrar, eða eitthvað þannig. Og maður var alveg bara. Vá, Ragga væri geðveikt góð mamma eða eitthvað svona.

Jafnframt kom fram í gögnunum að flestir þátttakendur töldu sig hafa lært þótt ekki hafi verið um hefðbundið námskeið að ræða, eða eins og einn mentor orðaði það:

Þetta reynir svolítið á, þetta reynir meira á en bóknám, heldur en einhverjir tímar eða eitthvað fag sem að ... þar sem ég get bara mætt í tíma og þú veist gert ekki neitt. Þetta reynir svona á samskipti.

Nemendur tóku fulla ábyrgð á náminu og krafðist það skipulagshæfileika, frumkvæðis og getu til að beita þekkingu. Má því fullyrða að allir mentorar töldu sig hafa öðlast nýja þekkingu og reynslu með þátttöku í verkefninu.

### ***Að proska sköpunarhæfni***

Þátttaka í verkefninu reyndi í öllum tilvikum á sköpunarhæfni mentoranna. Það kom þeim á óvart hversu mikilvægt var að skipuleggja samverustundirnar með börnunum á frjóan og uppbyggilegan máta. Í upphafi skólaárs töldu flestir að ekki yrði vandasamt að finna eitthvað skemmtilegt að gera í þrjár klukkustundir á viku en þegar á leið lentu flestir í erfiðleikum með að finna viðfangsefni einhverju sinni. Þá reyndi á sköpunarhæfni þeirra. Flestum tókst að leysa þetta vandamál á farsælan hátt, oft með hjálp annarra mentora sem deildu reynslu sinni.

### **Kostir og gallar verkefnisins**

Þegar verið er að fjalla um kosti og galla verkefnisins var ákveðið að fjalla annars vegar um viðhorf mentora og hins vegar um viðhorf starfsfólks.

---

<sup>1</sup> Þar sem verkefnið var kennt í einum framhaldsskóla var náðin meiri milli mentora auk þess þekktust margir áður.

## **Kostir**

### **Mentorar:**

Þegar kosti verkefnisins bar á góma sögðu mentorar helsta kost verkefnisins vera þann að það brúi kynslóðabil. Jafnframt ræddu þeir kosti þess að upplifa ýmislegt með þátttökunni sem þau töldu ólíklegt að kynnast á öðrum vettvangi. Margir bentu á að mikill kostur væri að verkefnið væri gagnvirkt, að bæði mentorar og börn lærðu af þátttökunni. Mentorar sögðust meðal annars hafa kynnst heimi barns og barn heimi mentors. Margir töldu það kost að kynnast fjölbreyttri flóru manna. Einnig töldu þau mikilvægt að kynnast börnum á þessum aldri. Einn mentor lýsti reynslu sinni á þann hátt:

Það er bara fyrst og fremst reynsla fyrir báða aðila sem er jákvæð. Líka af því að þetta er svo óvanalegt að einhver úti í bæ sem er 25 ára eða eitthvað verði vinur 10 ára stelpu eða stráks – af því að það er svo sérstakt þá verður þetta svolítið ógleymanlegt. Og þessi reynsla, af því að það er svo skrýtið að kynnast 10 ára strák utan fjölskyldunnar, þá er það náttúrulega bara sú reynsla að maður lærir að vita hvað þau eru að hugsa og hvar þau eru stödd.

Á heildina litið voru mentorar ánægðir með skipulag verkefnisins. Flestir töldu það vel skipulagt og að allt hafi staðist sem sagt var í upphafi. Einn mentor lýsti því þannig „Skipulagið var mjög hreint og beint. Það var skipulagt langt fram í tímann hvar og hvenær ætti að hittast og það stóðst alltaf. Það var mjög gott”. Þeir töldu markmiðin skýr og handleiðslu með besta móti. Mentorar voru ánægðir með þann stuðning sem þeir fengu frá umsjónarmönnum og tiltóku sérstaklega hve miklu það hefði skipt að hafa fengið góða leiðsögn og handleiðslu í gegnum verkefnið ef eitthvað bjátaði á. Einn mentoranna sagði það hafa verið „nauðsynlegt” fyrir sig að hafa alltaf getað leitað til umsjónarmanns þegar henni var algerlega „misboðið”. Einnig voru margir mentorar sem voru með börn af erlendum uppruna ánægðir með að hafa gott aðgengi að umsjónarmanni og túlki. Mentorar ræddu kosti hópfunna þar sem mentorar gátu rætt sín á milli í litlum hópum undir handleiðslu þau mál sem á þeim brunnu. Á hópfundum gáfu þau hvert öðru ráð og fengu hugmyndir um hvað hægt væri að gera með börnunum. Einn mentor sagði um hópfundina: „... mér finnst það gera mjög mikið og lífga svona aðeins upp á. Það mætti alveg fjölga þeim”. Einnig ræddu mentorar um hve góður vettvangur hópfundir væru til að komast í kynni við aðra mentora.

Nokkrir mentorar töldu það mikinn styrk að verkefnið væri orðið hluti af námskrá við háskóla og framhaldsskóla og að einingar fengjust fyrir þátttöku. Einnig kom fram að mentorar töldu það kost að verkefnið næði til breiðs hóps barna. Almennt séð voru mentorar ánægðir með þátttökuna og sögðust mæla með verkefninu við aðra.

### **Starfsmenn verkefnis og tengiliðir skóla:**

Starfsmenn og tengiliðir verkefnisins voru almennt ánægðir með verkefnið, töldu það kost hve sveigjanlegt það væri og hvað það næði til breiðs hóps barna. Einn tengiliður grunnskóla sagði „Þetta virkar“ og annar sagði um verkefnið „Bara frábært“. Einnig var talað um að með því að ná til breiðs hóps barna væri komið í veg fyrir að verkefnið væri stimplað sem verkefni fyrir „vandamálaborð“. María sem bæði var umsjónarmaður mentora og tengiliður skóla sagði „...þau [börnin] eru svo stolt af því að eiga stóran vin“ og taldi þátttöku í verkefninu skapa sérstöðu fyrir börn í skólanum. Tengiliðir grunnskóla töluðu um að verkefnið skilaði árangri í skólanum. Börnin væru mörg hver ánægðari í skólaumhverfinu og stoltir þátttakendur í verkefninu og upp með sér að eiga stóra vini. Í viðtölum við tengiliði skóla kom fram að verkefnið væri jafnvel líflína fyrir ákveðin börn og fyrir önnur tækifæri til að kynnast „venjulegu lífi“. Einn tengiliður sagði: „Verkefnið er vinsælt innan skólans og það þykir flott að hafa mentor. Þetta skiptir rosalega miklu máli fyrir börn“. Einnig kom fram að mentordagar væru spennudagar fyrir flest börn og þau hlökkuðu til að hitta mentora sína. Einn tengiliður grunnskóla talaði um mikilvægi þess fyrir börnin að fá fyrirmyndir úr framhalds- og háskóla til að þau kynntust fleiri möguleikum til náms.

Tengiliðir grunnskóla töldu það góða þróun að bjóða framhaldsskólanemum þátttöku í verkefninu og mikilvægt að halda því áfram. Einn tengiliður sagði „...það er eina raunhæfa leiðin til að það [verkefnið] nái fótfestu“.

Verkefnisstjórn mentorverkefnisins hélt fundi einu sinni í viku yfir skólaárið. Á þeim fundum voru verkefnisstjóri, umsjónarmenn mentora og tengiliður verkefnisins við framhaldsskóla. Farið var yfir öll mál sem upp komu og þau leyst. Einnig var fjallað um allt skipulag og framkvæmd verkefnisins á þessum fundum. Starfsmenn og tengiliðir bentu á kosti þess að hver starfsmaður fengi svigrúm til að vinna sjálfstætt en hefði um leið gott aðgengi að allri verkefnisstjórn ef með þyrfti.

## **Gallar**

Mikilvægt er fyrir verkefnisstjórn verkefnis í þróun að heyra gagnrýnisraddir þeirra er að því koma. Niðurstöður geta varðað leið verkefnisstjórnar til að gera endurbætur á verkefninu í framtíðinni.

## **Mentorar**

Þegar mentorar voru spurðir um galla verkefnisins áttu þeir erfitt með að finna þá. Fram komu ýmsar hugmyndir um galla, svo sem að það gæti orðið kvöð að hitta barnið, hve slæmt það væri ef þeir myndu kvíða fyrir að hitta barnið eða ef foreldrar væru áhugalausir um verkefnið. Allt voru þetta hugleiðingar um hvað gæti farið úrskeiðis frekar en umræða um eitthvað sem upp hefði komið.

Allir þátttakendur í verkefninu taka þátt af fúsum og frjálsum vilja. Foreldrar sækja um þátttöku fyrir börnin og mentorar sækja um að vinna við verkefnið. Við þörunarferli er meðal annars farið eftir sameiginlegum áhugamálum mentors og barns. Hvernig til tekst með þörun ræður miklu um hvernig sambönd ganga. Mentorar töldu einn helsta gallann vera þann ef mentor og barn paraðist verulega illa saman og ef foreldrar væru áhugalausir. Einn mentor sagði:

Það er rosalega happa og glappa. Það fer rosalega eftir persónum, hvort þær parast vel saman í fyrsta lagi, mér finnst það rosalega mikilvægt. Og mér finnst það kannski svolítið hafa misheppnast hjá mér. En ég held að það geti alveg gengið í sumum tilfellum, ég held að það verði alltaf einhver tilfelli sem verði svona eitthvað misheppnuð.

Þeir bentu á mikilvægi þess að foreldrar fengju markvissa fræðslu um verkefnið og sögðu að sumir foreldrar virtust ekki gera sér fulla grein fyrir markmiðum þess. Til dæmis virtust sumir foreldrar ekki vita að þeir ættu að borga fyrir börnin ef eitthvað væri gert sem kostaði peninga. Einnig voru sumir foreldrar áhugalausir um verkefnið og aðstoðuðu ekki mentora í samskiptum við barnið. Sumir mentorar höfðu orðið fyrir því oftár en einu sinni að barnið var ekki heima þegar þeir komu að sækja það og foreldrar gefið þá skýringu að þeir hefðu „gleymt“ að þetta væri mentordagur. Einnig kom upp misskilningur foreldra barna af erlendum uppruna á markmiðum verkefnisins.

Einn mentorinn benti á að honum fannst oft skammur fyrirvari á fundarboðun. Nemi við framhaldsskóla, talaði um að kynning í sínum skóla hefði ekki verið nægilega

ítarleg. Hún taldi það ekki hafa komið nógu skýrt fram að samböndin gengu ekki alltaf upp og væru ekki einungis dans á rósum.

Allflestir mentorar bentu á þann ókost að of fáir karlmenn væru þátttakendur í verkefninu. Þeir voru sammála því að mörg börn í nútímasamfélagi vantaði karlfyrirmyndir.

### **Starfsmenn**

Starfsmenn töldu það ókost að ekki gætu fleiri börn úr hverjum skóla fengið mentor. Einn tengiliður grunnskóla sagði til dæmis: „Við [skólinn] hefðum örugglega geta verið með fimmtíu mentora og allir verið ánægðir“. Einnig bentu tengiliðir grunnskóla á að í sumum tilfellum hefði komið upp afbrýðisemi í garð þeirra barna sem höfðu fengið mentora.

Varðandi skipulag og uppbyggingu verkefnisins töldu nokkrir starfsmenn verkefnisins það í mikilli þróun og ekki skýrar línur hvert það stefndi. Einnig kom fram sú gagnrýni að það vantaði þróunaráætlun og það hefði staðið í vegi fyrir frekari þróun.

### **Samantekt og umræður**

Þegar verkefni eru metin þarf að taka tillit til og gefa ákveðnum þáttum gaum. Þátttakendum getur reynst erfitt að leggja mat á hvort breytingar á börnum sem þátt tóku í verkefninu hafi komið til vegna áhrifa þátttökunnar eða aukins þroska almennt. Einnig er vandasamt að meta langtímamarkmið í verkefni sem þessu. Þrátt fyrir þetta er víst að svona mat getur gefið raunhæfar vísbendingar og upplýsingar um stöðu og þróun verkefnisins. Þannig getur það nýst verkefnisstjórn til að finna leiðir til úrbóta og framfara.

Skólaárið 2003-2004 luku 93 grunnskólabörn úr sex grunnskólum verkefninu með góðum árangri.

Verkefni af þessu tagi nær til breiðs hóps grunnskólabarna, framhaldsskólanema og háskólanema. Margar ástæður eru fyrir þátttöku einstaklinganna og fær hver og einn sína upplifun og ávinning af þátttökunni.

Nemendahópur (mentorar) mentorverkefnisins er að meirihluta ungar stúlkur úr félagsvísindadeildum þeirra skóla sem taka þátt. Þátttakendahópur verkefnisins er þrátt fyrir allt að breytast og hefur karlmentorur fjölgað frá fyrsta ári þar sem þeir voru 14% af heildarhópnum í 25% skólaárið 2003-2004.

Hér að framan voru sundurgreind markmið verkefnisins metin og er óhætt að fullyrða að þau náðust öll, bæði fyrir börnin og mentora. Börnin höfðu kynnst nýjum hugmyndum, aðstæðum og öðlast nýja þekkingu og reynslu. Sjálfsmynd flestra barna hafði styrkst og félagsfærni þeirra aukist. Börnin höfðu öll kynnst nýjum aðstæðum til skemmtunar og möguleikum til náms. Markmið verkefnisins sem sneru að mentorum höfðu einnig náðst þar sem mentorar þroskuðu félagslega færni og samskiptahæfni. Þeir tengdust börnunum tilfinningaböndum, gátu sett sig í spor þeirra og þroskuðu þannig samkennd. Þeir fengu allir tækifæri til að kynnst mismunandi einstaklingum og öðluðust nýja þekkingu og reynslu, bæði hvað varðar samskipti við aðra og við að vinna með börnum. Flestir mentorar töldu sig hafa fengið nýjar hugmyndir og þroskað sköpunarhæfni með því að finna alltaf eitthvað skemmtilegt og uppbyggilegt að gera með börnunum.

Allir mentorarnir voru ánægðir með skipulag og vinnubrögð verkefnisstjórnar en alltaf má betur gera. Þeir sögðust mæla með verkefninu við aðra og margir voru þegar búnir að því. Flestir viðmælendur sögðu það hafa komið sér á óvart hversu mikil vinna þetta væri, í upphafi hefðu þrír tímar á viku ekki virkað mikið. Þeir tóku skýrt fram að þátttakendur í verkefni af þessari gerð þurfi að hafa ákveðna eiginleika það er að hafa áhuga á að umgangast börn, vera félagslyndir og þolinmóðir.

Helstu gallar verkefnisins sögðu þau vera að stundum væri lítil fyrirvari á fundarboðum og að kynningu á verkefninu hefði verið ábótavant í framhaldsskólanum. Einnig ræddu þau um að í upphafi mætti koma því betur til skila að þátttakan væri ekki endilega dans á rósum.

Helsta gagnrýni starfsmanna verkefnisins var að það næði enn til of fárra barna. Vonir þeirra voru að verkefnið næði meiri útbreiðslu, bæði hvað varðar fjölda barna og barna víðs vegar um landið.

Gagnrýni á verkefnisstjórn var að það vantaði skýra stefnu og markvissa þróunaráætlun fyrir verkefnið.

Verkefni sem þetta er jákvætt innlegg í uppeldis- og skólastarf þar sem markmið þess er m.a. að bæta aðstöðu barna til betri lífsgæða, styrkja sjálfsmynd þeirra og kynnst nýjum hugmyndum og möguleikum til náms. Börn jafnt sem mentorar geta lært mikið af samvistum hvort við annað. Viðtökur í skólum hafa sýnt fram á að verkefnið sinnir

þörfum sem erfitt er að koma til móts við. Við lítum því á að verkefnið hafi sannað tilgang sinn og að það nýtist samfélaginu í heild.

Af ofangreindu er ljóst mikilvægi þess að mentorverkefnið Vinátta haldi velli í íslensku samfélagi. Verkefnið hefur verið í stöðugri þróun og virðist komið í ákveðinn farveg. Ekki eru allir vankantar verkefnisins endanlega sniðnir af og ekki er búið að festa það endanlega í sessi. Verkefnið er byggt á þeirri hugmyndafræði að samband mentors og barns sé lærdómsríkt fyrir báða aðila og virðist það hafa skilað sér til þeirra sem hafa tekið þátt. Mikilvægt er að verkefnið standi áfram breiðum hópi barna til boða og vonir eru til þess að hægt sé að bjóða það enn fleiri grunnskólanemum. Til þess að ná þeim áfanga þarf verkefnið meðal annars að ná til nemenda á háskóla- og framhaldsskólastigi og vera sérstakt námskeið. Margvísleg rök eru fyrir því. Með því að bjóða upp á formlegt námskeið fá nemendur einingar fyrir vinnu sína og er verkefnið líklegra til að halda velli ef það er komið í námskrá skóla. Meiri líkur eru jafnframt á því að fagmennska aukist þar sem háskólar og framhaldsskólar gera ákveðnar gæðakröfur til námskeiða.

Verkefni sem þetta er jákvætt innlegg í uppeldis- og skólastarf þar sem markmið þess er meðal annars að bæta aðstöðu barna til aukinna lífsgæða, styrkja sjálfsmynd þeirra og kynnast nýjum hugmyndum og möguleikum til náms. Viðtökur í skólum hafa sýnt fram á að verkefnið sinnir þörfum sem erfitt er að öðrum kosti að koma til móts við. Kennarar og skólastjórnendur hafa lýst yfir ánægju sinni með að vera þátttakendur í verkefninu og meðal annars sagt að hún hafi góð áhrif á börnin innan skólans. Börnin eru stolt af sínum fullorðnu fyrirmyndum og kemur það fram í auknu sjálfstrausti innan veggja skólans.

Samkvæmt niðurstöðum matsins er óhætt að fullyrða að þörf sé á að festa mentorverkefnið Vinátta í sessi í íslensku samfélagi. Íslenskt samfélag hefur breyst á undanförunum árum og mikil þörf er á verkefni sem þessu er eykur samkennd barna með því að kynna fyrir þeim fjölbreytileika samfélagsins. Þá vaknar sú spurning hvort við sem þjóð sjáum okkur hag í því að taka verkefni af þessu tagi inn í skólakerfið og þar með í íslenskt samfélag sem einn hlekk í að bæta aðstöðu barna landsins til betri lífsgæða.

## Heimildir

- Aðalnámskrá framhaldsskóla. (1999). *Almennur hluti*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Bogdan, R og Biklen, S.K. (1998). *Qualitative research for education: Introduction to theory and methods* (3.útg.). Boston: Allyn and Bacon.
- Elín Þorgeirsdóttir, Valgerður Ólafsdóttir, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, Þórunn Steindórsdóttir og Líf Magneudóttir. (2003). *Fyrirmyndarfólk. Mentorverkefnið Vinátta*. Velferðarsjóður barna á Íslandi, óbirt skýrsla send til menntamálaráðuneytisins.
- Fresko, B. og Carmeli, A. (1990). PERACH: A nationwide student tutorial programme. Í Sinclair Goodlad og Beverly Hirst (ritstj.), *Exploration in peer tutoring*. Oxford, England: Blackwell.
- Goodlad, S. (1998). *Mentoring and Tutoring by Students*. London: Kogan Page.
- Guðbjörg Daníelsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2002). *Mat á mentorverkefninu „Vinátta”*. Könnun meðal þátttakenda veturinn 2001-2002. Rannsóknir og greining.
- Hobfoll, S. (1980). Interracial commitment and involvement in undergraduate tutors in an innercity preschool. *Journal of Community Psychology*, 8, 80-87.
- Kvale, S. (1996). *Interviews: An Introduction to qualitative research interviewing*. Thousand Oaks: Sage.
- Reich, L. R. (2001). *Mentorprojektet Naktergalen. Möte mellan skolbarn och högskolestudenter*. Malmö högskola: Lararutbildningen. Regionalt utvecklingscentrum.
- Taylor, S.J. og Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resource*. (3. endurb.útg.) New York: Wiley and Sons.
- Topping, K. og Hill, S. (1995). University and college students as tutors for school children: a typology and review of evaluation research. Í Sinclair Goodlad (ritstj.), *Students as Tutors and Mentors*. London: Kogan Page.